

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Zoom/staðbundinn fundur B35 – Fundur #2 starfsárið 2021-22

Dagsetning: 12. ágúst 2021

Tími: 12:00 til 13:00

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Hringurinn tekinn stutt
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Kosning til hlutverka stjórnar
5. Verkefni stjórnar
6. Opnunarhátíð FKA 2021
7. Önnur mál

Formaður stjórnar, Sigríður Hrund, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP og ETS.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Sigríður Hrund fór yfir dagskrá fundarins.

2. Hringurinn tekinn stutt

Mættar stjórnarkonur fóru yfir hvaða áherslur þær vildu sjá í starfi FKA veturinn 2021-22. Stjórnarkonur voru sammála um að hafa fundi sem mest blandaða Raun og Raf eftir því sem sóttvarnarlög heimiluðu. Ennfremur að hvetja til samtals við félagskonur, virkni þeirra og fá þær til að tjá sig um þau mál og málefni sem mikilvægt væri að varpa ljósi á. Samþykkt var að stjórn sendi frá sér yfirlýsingu um stuðning við allar þær FKA konur og konur almennt sem væru að bjóða sig fram til kosninga á komandi hausti, en að öðru leyti halda stjórnarkonur sig til hlés hvað varðar að lýsa yfir stuðningi við einstaka frambjóðendur eða flokka.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir fjármál félagsins sem eru góð sem og það sem fram undan er í félags- og markaðsstarfi. Almennt eru horfur góðar bæði í fjármálum og félagatali en félagsstarf mun ávallt taka mið af gildandi sóttvarnarreglum stjórnvalda hverju sinni.

4. Hlutverk stjórnarkvenna

Kosið var til varaformanns, gjaldkera og ritara. Unnur Elva er varaformaður FKA 2021-22, Eydís Rós gjaldkeri og Elísabet Tanía ritari.

5. Verkefni stjórnar kynnt

Farið var yfir hefðbundin verkefni stjórnar. Sum verkefni verða verkaskipt jafnóðum en önnur fengu eftirfarandi niðurröðun:

- Jafnvægisvog – Katrín Kristjana, Elísabet Tanía, Vigdís
- FKA Viðurkenningarhátíð – Unnur Elva, Edda Rún
- Fjölmíðlaverkefni – Eydís Rós, Sigríður Hrund
- Sýnileikadagur – Vigdís, Katrín Kristjana, Elísabet Tanía
- Alþjóðatengsl – Sigríður Hrund, Vigdís
- Samstarf við VR – Unnur Elva

Hádegisfundir með stjórn verða áfram fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og verða Raun/Raf eftir því sem sóttvarnarreglur boða.

Ákveðið var að stofna Sýnileikanefnd og var Vigdís, Katrínu Kristjönu og Elísabetu Taníu falið að setja nefndina á laggir.

Katrín Kristjana bað um að fá að aðstoða við stjórn Instagram reikning FKA og var það samþykkt.

Ákveðið var að setja á laggir úrbótanefnd til að fara yfir framkvæmd rafrænna kosninga fyrir félagið. Sigríður Hrund, Unnur Elva og Andrea munu bera ábyrgð á því að sú nefnd verði stofnuð.

Fyrsta verkefni stjórnar verður Opnunarviðburður 2021 og er sameiginlegt verkefni allra stjórnarkvenna.

6. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fundi sliti kl. 13:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.